

# Skólaráð

**Mættir eru:** Guðlaug, Linda, Kristín, Gerða, Sigurbjörn, Ólöf, Sigga

Byrjað á því að finna fundartíma fyrir árið. Fyrir valinu voru föstudagur inn 25. janúar kl. 8:10, mánudagurinn 11. mars kl. 15:00 og mánudagurinn 6. maí kl. 15.

Það á eftir að fara fram kosning í unglingadeild á nýjum fulltrúum í skólaráðið. Einnig þarf að finna nýja fulltrúa úr röðum kennara.

Gerða kynnir nýja heimasíðu skólans. Spáð í á hvaða tungumálum síðan er aðgengileg.

Horft á kynningarmyndband á Ingunnarskóla.

Umræða um starfsáætlun skólans. Þarf að uppfæra tímasetningar, óþarfi að setja niður nákvæmar tímasetningar t.d. á vali. Gott að hafa það í heilu skjali en gott að geta leitað. Athuga orðalag í inngangi. Bent á að hægt er að stytta áætlunina t.d. taka út klausu með svefn barna ofl. Erum bundin út frá demó frá borginni. Bæta við Uppeldi til ábyrgðar og Vinaliðaverkefnið. Sömu upplýsingar á síðunni undir stoðþjónusta og heilsugæslu. Skoða það. Taka sérstaklega fram reglur um rafrettur. Skoða þróunarverkefni – eru þau tilgreind? t.d. núvitund, leiðsagnarnám, Erasmus ofl. Upplýsingar um samstarf við Brúarskóla, tónlistarskóla, Fram, dansinn, söngskólinn, skólahljómsveit, Stjörnuland, Fókus. Taka fram að hafa samband eða vera í samstarfi við viðkomandi íþróttalið.

Skólinn fór vel af stað í haust. Rætt aðeins um hópastærðir í árgöngum. Rætt um hávaða á ákveðnu svæði. Milli veggir í vinnslu. Væntanlegir í sumar. Allt að ganga samt betur.

Farið yfir niðurstöður úr samræmdum prófum. Guðlaug ætlar að taka til upplýsingar og skoða hvernig við erum að koma út sögulega fyrir janúarfundinn.

Umræða um símareglur og skjátíma. Einhverjir skólar hafa bannað alveg síma í skólanum.

Unglingakennarar áttu að hvetja nemendur til að hafa frímínúturnar í desember símalausar. Mælt með manni sem heitir Eyjólfur Örn. Hann kemur í skóla með kynningar. Ólöf mælir með honum. Talar um tölvuleiki og samfélagsmiðla. Mætti nýta þætti af rúv til að sýna krökkunum. Sumir eru með skjálausu daga. Jafnvel vindahópar. Skjálausir tímar eftir t.d. sjö eða átta á kvöldin.

Rætt um vinnufrið í unglingadeild. Kristín segir hann ekki góðan. Vantar líka upp á aðstoð í tímum.

Fram kom athugasemd frá foreldri um að nemendur setja sér markmið varðandi leshraða en ekki lesskilning.